



Menntaskólinn í Reykjavík

Fréttir úr skólstarfi

2.tbl.3.árgangur
Ábm. Elísabet Siemsen

11. október 2019



STÆRÐFRÆÐIDEILDIN 100 ÁRA

Laugardaginn 5. október s.l. var haldið málþing á Hátíðarsal í tilefni 100 ára afmælis stærðfræðideildar við skólann. Fróðleg erindi voru haldin, þátttakendur fengu að spreyta sig á stærðfræðiþrautum auk þess sem hafðar voru til sýnis gamlar námsbækur.

Dagurinn var vel sóttur og skemmtu menn sér konunglega!

HVÍLDARHERBERGIÐ



Hvíldarherbergið er vinsælt hjá nemendum.

AÐALFUNDUR FORELDRAFÉLAGS MR

Aðalfundur Foreldrafélags MR verður haldinn þriðjudaginn 15. október kl. 20:00 á Hátíðarsal skólans.

Dagskrá:

1. Elísabet Siemsen rektor ávarpar fundarmenn og greinir frá því sem efst er á baugi í skólstarfinu.
2. Hefðubundin aðalfundarstörf skv. samþykktum félagsins. Lagðar eru til breytingar á samþykktum FMR.
3. Elísabet Margeirsdóttir, næringarfræðingur og ofurhlaupari heldur erindið „Lífsstíll og heilsuvenjur ungmenna“.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta!

HAFRAGRAUTUR Í BOÐI SKÓLANS!



Hafragrauturinn hefur svo sannarlega slegið í gegn. Á hverjum morgni þiggja yfir 100 nemendur góða næringu fyrir daginn.

OPNIR FUNDIR MEÐ NEMENDUM

Í nóvember munu rektor og aðrir stjórnendur skólans halda fundi með nemendum. Þar gefst nemendum tækifæri til að koma á framfæri tillögum, málefnalegri gagnrýni og annað sem snertir skólstarfið.